



323 Sjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Grundvöllur váttryggingarsamnings og orðskýringar.

1.1 Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á umsóknareyðublaðinu og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, hafi ábyrgð félagsins fallið niður.

1.2 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:

- félagið, Líftryggingamiðstöðin hf.,
- váttryggingartaki, sá sem gerir samning við félagið um sjúkdómatryggingu,
- váttryggður, sá maður hvers heilsu váttryggingin tekur til,
- váttryggingarsamningur, sá samningur sem í gildi er milli félagsins og váttryggingartaka um váttrygginguna,
- váttryggingarfjárhæð, sú fjárhæð sem greidd er út við váttryggingaratburð.

2. Gildistími váttryggingarinnar, upphaf og lok ábyrgðar félagsins.

2.1 Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur móttengið skriflega umsókn um váttrygginguna að því tilskildu að umsókninni verði ekki hafnað á grundvelli upplýsinga um áhættuna. Ábyrgð félagsins tekur heldur ekki til tjóns af völdum atvika sem höfðu gerst við móttöku umsóknarinnar og félagið hefði fengið vitneskju um við athugun sína á henni og leitt hefðu til þess að váttryggingunni hefði verið hafnað.

2.2 Váttryggingin endurnýjast árlega til 70 ára aldurs váttryggðs og fellur endanlega úr gildi á lokadegi þeim sem tilgreindur er í skírteininu, enda hafi hún ekki fallið úr gildi áður vegna vangreiðslu iðgjaldsins, sbr. (samanber) gr. (grein) 3.2.

2.3 Vilji váttryggingartaki segja váttryggingunni upp skal uppsögnin vera skrifleg.

3. Iðgjaldagreiðslur og áhrif þess sé iðgjald ekki greitt.

3.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjaldkögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

3.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. (samkvæmt) 1. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

3.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

3.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

3.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.

3.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

4. Svik og rangar upplýsingar.

4.1 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður við gerð váttryggingarsamnings eða endurnýjun sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.

4.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi eins og nánar greinir í 120. gr. váttryggingarsamningalaga.

5. Sjúkdómar og tilvik sem váttrygging tekur til. Bótaflokkar.

5.1 Váttryggingin tekur til eftirtalinna sjúkdóma og tilvika sem nánar er skipt í fjóra bótaflokka eins og hér greinir:

- Bótaflokkur 1 – Krabbamein,**
- Bótaflokkur 2 – Hjarta- og æðasjúkdómar,**
- Bótaflokkur 3 – Tauga- og hrörnunarsjúkdómar,**
- Bótaflokkur 4 – Aðrir alvarlegir sjúkdómar og slys.**

Bótaflokkur 1 - Krabbamein:

1.a. Krabbamein.



323 Sjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Hvers konar illkynja æxli, sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi, hvítblæði (leukaemia), eitlakrabbamein (lymphoma) og sarkmei (sarcoma).

Undanskilið er:

- setbundið krabbamein, ekki ífarandi (cancer in situ) og forstigeinkenni krabbameins (pre-malignant cancers),
 - æxli þegar alnæmi er til staðar (HIV),
 - öll húðkrabbamein, önnur en illkynja sortuæxli, þegar þykkt æxlis er undir 0,5 millimetrum,
 - krabbamein í blöðruhálskirtli, stig T1 N0 M0 samkvæmt TNM-stigunarkerfi eða stig 5 eða lægra á Gleason gráðu,
 1. stig Hodgkins sjúkdóms,
 - a-stig langvinnis eitilfrumuhvítblæðis (stage A of chronic lymphatic leukaemia),
 - forstigsbreytingar í leghálsi (CIN – cervical intraepithelial cancer).
- Sjúkdómsgreining skal byggjast á vefjafræðilegri eða frumufræðilegri rannsókn á æxli sem búið er að fjarlægja eða á vefjasýni og framkvæmd er af sérfræðingi í meinafræði.

1.b. Góðkynja heilaæxli.

Heilaæxli innan höfuðkúpunnar sem ekki eru illkynja. Undanskilið er:

- blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- æxli í heiladingli, mænu, heilahimnu (meningiomas), eða heilataugum t.d. (til dæmis) æxli í heyrnar- og jafnvægistaug (acoustic neurinoma),
- seilaræxli (chordomas),
- æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum,
- heilamar.

1.c. Meiriháttar líffæraflutningar - beinmergur.

Vátryggður gengst undir uppskurð sem þegi á beinmerg.

Bótaflokkur 2: Hjarta- og æðasjúkdómar:

2.a. Hjartaáfall/kransæðastífla.

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ónógs blóðflæðis. Skilyrði er að þrjú neðangreind atriði séu öll til staðar:

- verkir í brjóstholi og/eða mæði,
- vísbendingar um þverdræga blóðþurrð (transmural ischemia) við óeðlilegt hjartalínurit (ECG), þ.e. veruleg hækkun á ST, Q-takkar eða nýmyndum greinrofs (bundle-branch block),
- hækkun sértækra hjartaensíma (CK-MB, Troponin).

Vátryggingin undanskilur stöðuga og óstöðuga hjartaöng.

Skilyrði er að sjúkdómsgreiningin sé staðfest af sérfræðingi í hjartasjúkdómum.

2.b. Kransæðaskurðaðgerð.

Vátryggður gengst undir opna hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum þar sem æðagræðingur er tengdur framhá þrengslum í einni eða fleiri kransæðum. Undir þetta falla ekki aðrar aðgerðir svo sem kransæðavíkkun eða blásning (angioplasty) eða aðgerðir með leysitækni (laser).

2.c. Hjartalokuaðgerð.

Opin hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum þar sem gerviloku er komið fyrir í stað einnar eða fleiri hjartaloku eða óeðlileg loka er lagfærð.

2.d. Skurðaðgerð á meginslagæð/ósæðaraðgerð.

Vátryggður gengst undir skurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum til að laga þrengsli, rof eða æðagúlp (flysjugúlp) á meginslagæð (aorta) í brjóst- eða kviðarholi.

2.e. Heilaáfall/slag.

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en í sólarhring og felur í sér drep í heilavef, blæðingu eða blóðsega/blóðrek. Skilyrði er að einkenni varanlegra skemmda verði á miðtaugakerfi. Einkenni sem vara skemur en einn sólarhring eru undanskilin.

Greiningin skal staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

2.f. Meiriháttar líffæraflutningar – Hjarta, lungu, nýra og bris.

Vátryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lungu, briskirtli eða nýra.

2.g. Nýrnabilun.

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annað hvort til reglubundinnar blóðskilunar (renal dialysis), himnuskilunar (peritoneal dialysis) eða að nýrnaflutningur (renal transplantation) er framkvæmdur.



323 Sjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Bótaflokkur 3: Tauga- og hrönunarsjúkdómar:

3.a. MS/Heila- og mænusigg.

Heila- og mænusigg sem einkennist af viðvarandi skemmdum í taugakerfinu, niðurbroti á slíðri sem umlykur taugavef í taugakerfinu (afmýling). Greining á að MS sé til staðar þarf að vera ótvíræð þ.m.t. (þar með talið) með segulómun og framkvæmd af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Hinn tryggði verður að hafa einkenni um óeðlilega taugastarfsemi, sem staðið hafa samfelt í a.m.k. (að minnsta kosti) 6 mánuði, eða að tvö einkennandi köst hafi átt sér stað.

3.b. MND.

Hreyfitaugungahrönnun (MND) sem greind hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

3.c. Alzheimersjúkdómur.

Ótvíræð greining á Alzheimersjúkdómnum sem staðfest er af sérfræðingi í öldrunarlækningum og/eða taugalækningum, fyrir sextíu ára afmælisdag váttryggðs með viðeigandi rannsóknum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum. Sjúkdómurinn mun leiða til þess að váttryggður þarfnast stöðugs eftirlits og aðstoðar við athafnir daglegs lífs.

3.d. Parkinsonsjúkdómur.

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Parkinsonsjúkdómnum af óþekktum uppruna, fyrir sextíu ára afmælisdag váttryggðs. Váttryggingin nær eingöngu til Parkinsonsjúkdóms af óþekktum ástæðum (idiopathic). Allar aðrar tegundir Parkinsonsjúkdóms eru undanskildar.

Bótaflokkur 4: Aðrir alvarlegir sjúkdómar og slys:

4.a. Meiriháttar líffæraflutningar – Lífur.

Váttryggður gengst undir uppskurð sem þegi á lífur.

4.b. Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar.

Bólga í heilahimnu eða í mænu sem leiðir til umtalsverðrar og varanlegrar skerðingar á taugastarfsemi og staðfest hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Það er skilyrði að bakteríusýking í heila- og mænuvökva sé staðfest með mænuþunguadgerð.

4.c. Heyrnarleysi.

Varanlegur óafturkallanlegur heyrnarmissir að svo miklu leyti sem heyrnarmissir er yfir 85 desíbel á öllum tíðnisviðum þess eyra þar sem heyrn er betri með því að nota heyrnarrit úr heyrnarmælingu með hreinum tón.

Viðeigandi sérfræðingur (háls-, nef-, og eyrnalæknir) verður að leggja fram læknisfræðileg gögn sem verða m.a. að fela í sér heyrnarmælingu og mælingu á þröskuldi heyrnarinnar. Ekki á að vera hægt að lækna heyrnarleysið eftir læknisfræðilegum aðferðum.

4.d. Blinda.

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

4.e. Útlímamissir.

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma ofan úlnliðs eða ökkliðs vegna slyss eða sjúkdóms.

4.f. Alvarleg brunasár.

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

4.g. Eyðnismit við blóðgjöf, líkamsárás eða framkvæmd tiltekinna starfa.

Váttryggður smitast af HIV eða greinist með alnæmi (AIDS) og rekja má orsök þess til einhvers af neðangreindum þáttum:

a. blóðgjafar sem þátt í lækni meðferð

b. líkamsárásar sem váttryggður verður fyrir

c. atviks sem váttryggður verður fyrir í starfi sínu sem starfsmaður í heilbrigðisþjónustu eða slökkviliðs, sjúkralutninga- eða lögreglumaður.

Atvik það sem orsakar smit skal hafa átt sér stað á gildistíma váttryggingarinnar og verður að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Atvikið verður að hafa verið tilkynnt til viðkomandi yfirvalda og rannsókn þess verður að hafa verið framkvæmd með viðurkenndum aðferðum.

b. Þegar eyðnismit á sér stað vegna líkamsárásar eða er afleiðing atviks sem átt hefur sér stað við framkvæmd venjulegra starfsskyldna, verður að leggja fram neikvæða niðurstöðu úr HIV-mótefnaprófi, sem farið hefur fram innan 5 daga frá því atvikið átti sér stað.

c. Einnig verður að fara fram annað HIV mótefnapróf innan 12 mánaða, sem staðfestir að eyðniveiran (HIV) hafi komið fram eða að HIV-mótefni séu til staðar.



323 Sjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

d. Atvikið sem valdið hefur smiti verður að hafa átt sér stað á Íslandi.

Vátryggingin tekur ekki til HIV-smits sem stafar af öðrum orsökum, þ.á m. af kynferðislegum athöfnum eða eiturflyfjaneyslu.

6. Vátryggingaratburður, greiðsla bóta, vextir og lok vátryggingar.

6.1 Vátryggingaratburður telst einungis verða, ef vátryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind í 5. gr.

6.2 Bætur greiðast einungis einu sinni úr hverjum bótaflokki skv. 5. gr. Hafi bætur verið greiddar er það skilyrði bótaskyldu úr öðrum bótaflokki að meira en sex mánuðir séu milli fyrri og síðari vátryggingaratburðar.

6.3 Bætur eru ekki greiddar til vátryggðs nema vátryggingaratburður sé staðfestur á gildistíma vátryggingarinnar. Eftir að vátryggingin er fallin úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða megi líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan vátryggingin var í gildi.

6.4 Bætur eru ekki greiddar fyrir en íslenskur sérfræðingur í viðkomandi sérgrein hefur staðfest sjúkdómsgreininguna.

6.5 Réttthafi bóta, hvort sem um er að ræða bætur skv. 5. gr. eða bætur úr barnasjúkdómatryggingu sbr. 8. gr., er vátryggður sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini.

6.6 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta.

6.7 Réttthafi bóta á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. vátryggingarsamningalaga.

6.8 Þegar félagið hefur greitt bætur vegna tjónsatburða úr öllum fjórum bótaflokkum vátryggingarinnar, sbr. 5. gr., fellur vátryggingin úr gildi.

7. Takmarkanir á bótaskyldu.

7.1 Aðrir sjúkdómar, aðgerðir og tilvik en þau sem talin eru upp sem bótaskyld í 5. gr. eru ekki bótaskyld samkvæmt vátryggingu þessari.

7.2 Bætur greiðast ekki vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir töku vátryggingarinnar né við endurupptöku hennar. Þessi takmörkun gildir þó ekki hafi vátryggður haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fram til þess tímamarks sem vátrygging þessi tekur gildi.

7.3 Bætur úr barnasjúkdómatryggingu, sbr. 8. gr., greiðast aðeins einu sinni vegna hvers barns.

7.4 Skilyrði fyrir bótaskyldu er að vátryggður lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því að vátryggingaratburður var staðfestur.

8. Barnasjúkdómatrygging.

8.1 Félagið greiðir bætur vegna vátryggingaratburðar sem börn vátryggðs 3ja mánaða til 18 ára gömul, verða fyrir á gildistíma vátryggingarinnar. Einnig greiðir félagið bætur samkvæmt sömu skilgreiningu vegna fósturbarna og stjúpbarna vátryggðs, sem eiga lögheimili og búa á sama stað og vátryggður. Vátryggingaratburður telst einungis verða ef barn greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða eða það hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind í 5. gr.

8.2 Bætur úr barnasjúkdómatryggingu eru 50% af vátryggingarfjárhæð vátryggðs, en þó að hámarki 13.300.000 krónur vegna hvers barns sem taki breytingum miðað við breytingu á vísitölu neyslulúverðs til verðtryggingar frá 1. janúar 2015 (421,0 stig). Bætur vegna sama barns geta aldrei orðið hærrí jafnvel þótt í gildi séu hjá félaginu fleiri en ein vátrygging sem barnið gæti átt bótarétt úr.

8.3 Greiðslur bóta úr vátryggingunni vegna barna, fósturbarna og stjúpbarna vátryggðs hafa hvorki áhrif á vátryggingarfjárhæð né gildi vátryggingarinnar. Bætur eru ekki greiddar vegna barna, fósturbarna eða stjúpbarna vátryggðs, nema bótaskyldur sjúkdómur greinist á gildistíma vátryggingarinnar. Greinist sjúkdómur eftir að vátrygging hefur fallið úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða mætti líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan vátryggingin var í gildi. Bætur eru ekki greiddar vegna sjúkdóma eða aðgerða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barns fyrir ofangreind aldursmörk eða fyrir töku tryggingarinnar. Bætur eru ekki greiddar vegna ættleiddra barna ef hægt er að rekja orsakir sjúkdóms eða aðgerðar til ástands barns áður en það var ættleitt. Sama gildir um stjúpbörn og fósturbörn. Skilyrði fyrir bótaskyldu er að börn, fósturbörn eða stjúpbörn lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því að þau greinast með sjúkdóm eða aðgerð var framkvæmd, sem leiðir til bótaskyldu. Nánar um greiðslur bóta, bótasvið og takmarkanir á bótaskyldu vísast til greina 5., 6. og 7. gr. eftir því sem þær eiga við.

9. Breyting vátryggingarfjárhæðar og iðgjalds.

9.1 Gildandi vátryggingarfjárhæð kemur fram á vátryggingarskírteininu og endurnýjunarkvittunum. Iðgjald hækkar í



323 Sjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

samræmi við iðgjaldatöflu félagsins einu sinni á ári, við upphaf fyrsta dags hvers vátryggingarárs. Upphafsdagur vátryggingarárs er skráður á iðgjaldskvittun.

10. Verðtryggingarákvæði.

10.1 Við endurnýjun í upphafi hvers tryggingarárs breytist vátryggingarfjárhæðin og ársiðgjaldið jafnframt í réttu hlutfalli við þá breytingu sem orðið hefur á vísitölu frá grunnvísitölu líftryggingarinnar, sem skráð er á skirteinið, til vísitölnunnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölnunnar hefur ekki áhrif til lækkunar, hvorki á iðgjaldið né líftryggingarfjárhæðina.

11. Iðgjaldafrelsi.

11.1 Missi vátryggður meira en helming starfsorku sinnar öðlast hann rétt til hlutfallslegrar lækkunar iðgjalda meðan það ástand varir, þó ekki fyrr en eftir þrjú mánuði og ekki lengur en að 65 ára aldri.

11.2 Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast vátryggður ekki rétt til iðgjaldafrelsis:

- ef starfsorkuskerðing er af völdum sjúkdóms eða tilviks sem fellur undir 5. grein þessara skilmála,
- fyrir lengra tímabil en eitt ár aftur í tímann áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu,
- vegna sjúkdóma sem voru fyrir hendi eða sýnt höfðu einkenni fyrir gildistöku tryggingarinnar, né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku tryggingarinnar,
- ef orsök starfsorkumissisins er af völdum styrjalda, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisna eða svipaðra atvika,
- ef orsök starfsorkumissisins er misnotkun áfengis, fíkniefna eða eitrefna, eða þátttaka í refsiverðum verknaði.

11.3 Ákvæði 4. gr. um rangar upplýsingar gilda einnig um iðgjaldafrelsi, eftir því sem við á. Beiðni um iðgjaldafrelsi skal vera skrifleg á eyðublaði félagsins og sendast félaginu ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu.

11.4 Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni hins vátryggða til þess að gegna sínu venjulega starfi og möguleikum til að gegna öðrum störfum. Vátryggða er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu. Á meðan hinn vátryggði nýtur iðgjaldafrelsis getur félagið ávallt krafist heilsufarsupplýsinga af honum, svo og læknisskoðunar á sinn kostnað. Félagið tilkynnir vátryggða skriflega ákvörðun sína um iðgjaldafrelsi.

12. Réttur til hækkunar á vátryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar.

12.1 Ef iðgjald fyrir sjúkdómatryggingu er ákveðið án aukaiðgjalds getur vátryggður óskað skriflega eftir hækkun á vátryggingarfjárhæðinni á gildistíma vátryggingarinnar, án frekari upplýsinga um heilsufar sitt, innan þriggja mánaða frá því að annaðhvort hann eignast barn eða ættleiðir barn sem er yngri en 18 ára. Ekki er hægt að nýta þennan rétt þegar tilkall hefur verið gert til bóta samkvæmt 6. gr. eða ef vátryggður hefur greinst með einhvern þeirra sjúkdóma, gengist undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hent eitthvert þeirra tilvika sem skilgreind eru í 5. gr. Þá er ekki hægt að nýta réttinn ef vátryggður býður aðgerðar sem skilgreind er í 5. gr. eða hefur slasast alvarlega á samningstímanum.

12.2 Vátryggingarfjárhæðin getur að hámarki hækkað um fjórðung en þó þannig að hún verði ekki hærrí en 25.000.000 krónur. Réttur til hækkunar samkvæmt grein þessari fellur niður frá og með 45 ára afmælisdegi vátryggðs.

12.3 Iðgjald vátryggingarinnar hækkar í samræmi við hækkun vátryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins. Hækkunin tekur gildi á næsta gjalddegi eftir að öll skilyrði hafa verið uppfyllt.

13. Breytingar á grundvelli vátryggingarinnar.

13.1 Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur vátryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var í tæknilegum grundvelli vátryggingarinnar.

14. Þagnarskylda.

14.1 Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um sjúkdómatrygginguna sem trúnaðarmál.

15. Lög um vátryggingarsamninga.

15.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskirteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

16. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

16.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.



323 Sjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

16.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu

16.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.

16.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skilmálar þessir gilda frá 10. nóvember 2017.



323 Sjúkdómatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR